

Húsfriðunar- og Menningarsjóður: Viðurkenningar veittar

Á sumardaginn fyrsta hélt menningarmálanefnd Akureyrar samkomu á Hótel KEA þar sem afhentar voru viðurkenningar úr Húsfriðunarsjóði Akureyrar og Menningarsjóði Akureyrar.

Úr Húsfriðunarsjóði fengu eftirtaldir viðurkenningar: Stefánía Ármannsdóttir og Baldur Sigurðsson vegna Aðalstrætis 62. Jóhann Sigurðsson vegna

Lækjargötu 2. Guðmundur Ármann Sigurjónsson og Helgi Vilberg vegna Listaskálans, Kaupvangsstræti 14. Kaupfélag Eyfirðinga vegna Hafnarstrætis 20, Höeðfner.

Eftirtaldir fengu viðurkenningar úr Menningarsjóði: Áskell Jónsson, tónskáld. Bragi Sigurjónsson, skáld og rithöfundur. Jón Gíslason, trésmíðameistari og eigandi Gamla Lundar. SS

Aflafréttir:

Mikill samdráttur

Samkvæmt bráðabirgðatölum Fiskifélags Íslands um aflabróð og landanir, jafnt togara, báta sem smábáta, reyndist aflinn vera 134.749 þús. tonn í mars 1991. Afli sama mánaðar 1990 var 181.602 þús. tonn. Samkvæmt tölum þessum er um mikinn mun að ræða og þar kemur til að loðnuveiðar brugðust í ár. 59.381 þús. tonnum var landað á móti 104.775 þús. tonnum af loðnu í fyrra.

Sé litið til janúar-mars er munurinn mikill. Í fyrra var aflinn 780.303 þús. tonn en nú 373.360 þús. tonn. Orsök þessa hruns í aflabróðum er loðnubresturinn, sem kemur til með að hafa mikil áhrif um afkomu okkar Íslendinga.

Pegar litið er á aflskýrslur frá Akureyri kemur í ljós að þorskeiðin hefur dregist saman fyrstu þrjá mánuði ársins vegna þess að þorskur fannst ekki á togslóð dögum og vikum saman og togarnir leituðu því á karfaðið fyrir Vesturlandi sem glögt má sjá á töflunni hér að neðan.

Janúar - mars	1991	1990
Þorskur	3223	4903
Ýsa	221	223
Ufsi	447	523
Karfi	2018	667
Grálúða	501	271
Skarkoli	58	9
Sild	0	0
Loðna	2715	0
Rækja	1046	145

Tímaritið Þroskahjálp í nýjum búningi

Tímaritið Þroskahjálp 1. tbl. 1991 er komið út. Útgefandi er Landssamtökin þroskahjálp.

Brot blaðsins er breytt og er tilgangurinn sá að stækka gott og verðugt tímarit, færa það í búning sem því sámir.

Í þessu tölublaði fjallar Gunnar Þormar um húsnæðismálin og ber þar m.a. saman ástandið í þeim málum á Íslandi og í Noregi. Þessi samanburður er okkur í óhag og ætti það að vekja landsmenn til umhugsunar. Gunnar bendir einnig á að stofnanir muni leggja niður um leið og íslenskt þjóðfélag býður upp á betri valkosti.

Dóra S. Bjarnason, lektor við Kennaraháskóla Íslands, skilgreinir í mjög vel skrifaðri og ítarlegri grein merkingu hugtakanna blöndun og normalisering.

Í fjölskylduviðtalinu er rætt við hjónin Gunnhildi Gísladóttur og Björn Rúnar Guðmundsson. Segja þau hjónin frá reynslu sinni á einlægan og opinskáan máta.

Af öðru efni má nefna frásögn af íþróttum fatlaðra og grein um börn, streitu og slökun. Einnig förum við með í ferð til Austurlanda og kynnumst vefnaðarlist fatlaðra.

Tímaritið Þroskahjálp kemur út fjórum sinnum á ári, og fæst í lausasölu í bókaferlunum.



Eduard Friðl að sýna bifvélavirkjum nýju tæknina, Kristján G. Tryggvason lengst t.h.

Mynd: EHB

Námskeið á vegum VÍS á Akureyri: Lím og leysigeislar í bílaviðgerðum

Vátryggingafélag Íslands stóð fyrir námskeiði fyrir bifvélavirkja í nýrri tækni við bifreiðaviðgerðir á Akureyri fyrir skömmu. Austurrískur kennari við tækniskóla, Eduard Friðl, sýndi hvernig nota á svo nefndan Multiworker við málsuðu og viðgerðir sem felast í að líma boddýhluti bifreiða. Námskeiðið fór fram í tjonaskoðunarstöð VÍS á Akureyri.

Kristján G. Tryggvason, forstöðumaður tjonaskoðunarstöðvar VÍS í Reykjavík, segir að undanfarin fjögur ár hafi efni sem notuð eru til smíði bifreiða breyst mikið. Galvanisering, heithúðun, rafgalvanisering og

sínkhúðun færist í vöxt, auk þess sem notkun krómnikkelstáls eykst sífellt. Hluti sem þannig hafa verið meðhöndlaðir er ekki hægt að sjóða með argonsuðu. Notkun endurunnins stáls í gólf bifreiða hefur einnig fæst í vöxt. Þegar menn nota venjuleg suðutæki til að komast gegnum sínkhúðina kemur mikil og óþægileg brækja, en engin festa fæst við málminn fyrir en komið er gegnum húðina.

Ný tækni gerir að verkum að hægt er að klippa skemmdir burt, og líma nýja hluti fasta. Multiworkerinn er annars vegar hefðbundin punktsuðuvél, hins vegar er hægt að punkta með leysigeisla. Þegar skipta þarf um topp

á bíl eftir veltu er nýr toppur límdur á, og síðan punktað gegnum límið með leysigeislanum. Ávinningurinn er 100% líming og festing, auk þess sem komið er í veg fyrir tæringu.

„Við erum að færa nýja tæknipækkingu til verkstæðanna, svo hægt sé að lækka kostnað af tjónum, líka fyrir þá sem eru í óréttri. Þegar við horfum til baka þá verða menn sem lærðu bílaviðgerðir í gamla daga á eftir ef þeir fylgjast ekki með tækninni, og geta ekki gert við. VÍS vill því stuðla að því að fá menn erlendis frá til að kenna nýjustu vinnubrögðin í greininni, og því ætlum við að halda áfram,“ segir Kristján. EHB

58 fá starfslaun listamanna

Úthlutunarnefnd starfslauna listamanna, sem í eiga sæti Brynja Benediktssdóttir, Magnús Þórðarson og Þórunn J. Hafstein, hefur úthlutað starfslaunum til 58 listamanna.

Í fjárlögum 1991 eru til umráða tæpar 22 milljónir króna til starfslauna listamanna. Að þessu sinni bárust 220 umsóknir og sóttu listamenn ýmist um 3, 6 eða 12 mánuði í starfslaun. Miðað er við mánaðarlaun í lfl. 143-5, þ.e. 74.049 kr.

Þessir listamenn fengu úthlutun að þessu sinni:

12 mánaða starfslaun:

Guðrún Kristjánsdóttir myndlist
Jónas Sen tónlist
Sigurður Örlýgsson myndlist
Þorsteinn Hauksson tónlist

9 mánaða starfslaun:

Anna Málfríður Sigurðardóttir tónlist
Ásgerður Búadóttir myndlist
Finnur Torfi Stefánsson tónlist
Gestur Þorgrímsson tónlist
Ingólfur Arnarsson myndlist
Kristján Guðmundsson myndlist
Sigrún Eðvaldsdóttir tónlist
Tumi Magnússon myndlist

6 mánaða starfslaun:

Brynhildur Þorgeirsdóttir myndlist

Edda Jónsdóttir myndlist
Eyvindur Erlendsson leiklist
Guðbjörg Lind Jónsdóttir myndlist
Guðmundur Hafsteinsson tónlist
Hannes Lárusson myndlist
Haukur Tómasson tónlist
Kristinn E. Hrafnsson myndlist
Ríkhartur Valtingoer myndlist
Selma Guðmundsdóttir tónlist
Snorri Sigfús Birgisson tónlist
Valgerður Bergsdóttir myndlist

3 mánaða starfslaun:

Anna Gunnlaugsdóttir myndlist
Auður Hafsteinsdóttir tónlist
Guðbergur Auðunsson myndlist
Guðbjörn Guðbjörnsson tónlist
Guðmundur Á. Sigurjónsson myndlist
Guðrún Birgisdóttir tónlist
Guðrún Tryggvadóttir myndlist
Gunnar R. Sveinsson tónlist
Hafsteinn Austmann myndlist
Hallgrímur Helgason tónlist
Helgi Sæmundsson rithöfundur
Herdís Hallvarðsdóttir tónlist
Hallsteinn Sigurðsson myndlist
Ingunn Ósk Benediktssdóttir myndlist
Jóhanna Þórðardóttir myndlist
Jóhannes Helgi rithöfundur
Jón Reykdal myndlist
Jónas Arnason rithöfundur
Lárus H. Grímsson tónlist
Leifur Þorsteinsson ljósmyndari
Martail Nardeau tónlist
Pétur Bjarnason myndlist
Pétur Grétarsson tónlist
Sigríður Ásgeirsdóttir myndlist
Steinunn Þórarinsdóttir myndlist
Sveinbjörn Beinteinsson skáld
Sverrir Guðjónsson tónlist
Valgerður Hauksdóttir myndlist
Þorbjörn Pálsdóttir myndlist
Þorsteinn Gauti Sigurðsson tónlist
Örn Magnússon tónlist. óþh

Uppskeruhátíð – Sumarfagnaður G-listans

Frambjóðendur, starfsmenn og stuðningsmenn G-listans koma saman til fagnaðar í Alpýðuúsinu Skipagötu 14, þriðjudagskvöld 30. apríl n.k.

Þátttakendur þurfa að skrá sig hjá Kristínu í síma 24284 eða Heimi Má í síma 21875.



Alpýðubandalagið.

Krabbameinsfélagið:

Bæklingur um krabbamein karla

Í næstu viku mun öllum karlmönnum á aldrinum 20-75 ára berast bæklingur í pósti, frá krabbameinsfélaginu um krabbamein karlmanna. (Í tengslum við vorhappdrætti krabbameinsfélagsins.) Karlmenn eru beðnir að kynna sér innihald bæklingins vel og skrifa hjá sér spurningar ef einhverjar eru. Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis hyggst fylgja honum eftir í haust með fræðslufundum. Þar flytja erindi og svara fyrirspurnum sérfræðingur í lyflækningum og meltingarfærasjúkdómum hjúkrunarfræðingur, og sérfræðingur í heimilislækningum á viðkomandi stað.

Forsvarsmenn karlklúbba sem áhuga hafa fyrir slíkri

fræðslu, vinsamlegast hafið samband við Halldóru Bjarna hjúkrunarfræðing Krabbameinsfélags Akureyrar og nágrennis á skrifstofu félagsins Glerárgötu 36, 3. hæð sími 27077.

Þegar hefur verið ákveðið að halda slíka fundi, öllum opna í samvinnu við karlklúbba á viðkomandi stöðum.

Í Ólafsfirði og mæta þar Nicholas J. Cariglia, Halldóra Bjarnadóttir og Hjörtur Hauksson.

Á Dalvík og mæta þar Nicholas J. Cariglia, Halldóra Bjarnadóttir og Þórir Þórisson.

Á Grenivík og mæta þar Nicholas J. Cariglia, Halldóra Bjarnadóttir og Friðrik Vagn Guðjónsson.